

3. fundur Betadeildar haldinn í Símei miðvikudaginn 1. nóv. 2017 kl. 19:30

1. Aníta setti fundinn og fékk Jónínu það hlutverk að kveikja á kertum, að því loknu flutti hún kveðjur fjarstaddra kvenna.
2. Orð til umhugsunar flutti Ingibjörg Auðunsdóttir. Hún sagði okkur frá ferð sinni um Jakobsveginn. Jakobsveginn fór hún í tveimur áföngum ásamt vinkonu sinni; gangandi haustið 2016 og hjólandi vorið 2017. Hún deildi með okkur myndum, minningum og hugleiðingum ferðarinnar og hvatti konur til þess að gera eitthvað þessu líkt ef hugurinn stæði til þess.
3. Fundargerð októberfundar lesin og samþykkt.
4. Erindi frá stjórn:
 - Umræður um jólafund. Aníta sagði frá því að á samráðsfundi Beta og Mý deilda vegna jólasamveru þá hefði komið fram sú hugmynd að kaupa veitingar á fundinum þar sem umfang og kostnaður væri orðinn nokkur fyrir þær konur sem eru í stjórn. Aníta gerði grein fyrir því að stjórnarkonur væru tilbúnar til þess að greiða sem svaraði því sem þær hefðu greitt vegna veitinga sl. ár. Niðurstaða þessara umræðna varð sú að Betakonur munu greiða hver fyrir sig þetta árið. Jólafundurinn verður haldinn að Brúnum í Eyjafjarðarsveit þann 30. nóv. nk.
 - Aníta sagði frá því að Ingibjörg Auðunsdóttir hefði skrifað grein um samskipti stúlkna til birtingar í fréttablaði DKG.
 - Konur kynna sig á tveimur mínútum: Björk Sigurðardóttir og Fríða Pétursdóttir riðu á vaðið með kynningar.
 - Útbreiðslunefnd kynnti þær fjórar konur sem tilnefndar hafa verið af félagskonum og sá um framkvæmd kosninga. Allar konurnar hlutu einróma samþykki og munu þær sem stungu upp á þeim hafa samband við þær, kynna þeim samtökin og bjóða þeim á fund.
 - Happraætti og pyngjan látn ganga og hlaut Jónína vinninginn í þetta sinn.

Kaffihlé með veglegum veitingum í boði kaffinefndar.

5. Erindi frá Betakönum sem sóttu Evrópuþingið í Tallin í Eistlandi 26. – 29. júlí sl. Eygló sagði frá umgjörð og skipulagi þingsins sem var 10. Evrópuþing DKG. Í þetta sinn voru 13 konur frá Íslandi sem sóttu þingið og voru sex þeirra með erindi á dagskránni, þar af voru þrjár Betakonur; Halldóra Haraldsdóttir, María Steingrímsdóttir og Eygló Björnsdóttir. Halldóra sagði stuttlega frá Eistlandi og sögu landsins sem er með ríka og inngróna söng- og tónlistarmenningu. Hún fór síðan stuttlega yfir þema og umfjöllunarefni erindanna. Þema þingsins var *Supportive Learning Environments* þar sem rauði þráðurinn hverfðist um tónlist og gildi tónlistarinnar í námi. María sagði okkur frá þeim skemmtikvöldum og ferðum sem boðið var upp á í tengslum við þingið. Mikið var lagt upp úr tónlist á þessum viðburðum. Að lokum minntu þær stöllum okkur á að næsta Evrópuþing mun fara fram á Íslandi árið 2019. Aníta þakkaði þeim Eygló, Halldóru og Maríu kynninguna og fengu rós fyrir framlag sitt.
6. Kvöldsöngur. Að venju stjórnaði María Gunnarsdóttir kvöldsöngnum er sungið var *Kvöldar tekur sest er sól*.

Aníta slökkti á kertum og sleit fundi kl. 22:00.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir